


Liggjandi Canexelklæðning



Leiðbeiningar vegna grindar / loftunar á klæðningu.

Útveggjklæðningu ætti alltaf að loftræsta og ganga þannig frá að ekki hljóttist af skemmdir á byggingunni vegna uppsafnaðrar rakapéttingar. Á veggjum með útloftuðum klæðningum er klæðningin (regnvörnin) skilin frá veggnum (vindvörninni) með loftrými sem hefur þann tilgang:

- Að leiða vatn sem hefur komist fram hjá klæðningunni, aftur út
- Að lofta út þann raka sem kann að vera í innri hluta veggjarins
- Að þurrka vætu af bakhlið klæðningarinnar
- Að jafna út loftþrýsting

Þetta er yfirleitt gert með því að festa klæðninguna á lista (timburlektur) og mynda þannig, opið loftrými á bak við klæðninguna.

Einnig þarf að passa að hafa loftunarop bæði efst og neðst, og einnig undir og yfir gluggum. Þannig að loft geti streymt annaðhvort til hliðar við gluggann eða beint út undir glugganum.


Listarnir skulu að jafnaði vera úr timbri, greni eða furu. Við venjulegar aðstæður ætti ekki að vera þörf á að fúaverja listana eða nota gagnfúavarið efni. Athuga þarf að styrkur og efnisgæði bæði grindar og festinga sé fullnægjandi og endist fyrirhugaðan líftíma viðkomandi klæðningar. Stærð listanna getur verið mismunandi eftir aðstæðum, en lágmarks loftunar bil fyrir canexel er 20 mm.

Rakavörn úr tjörupappa skal komið fyrir milli timburs og steyptra byggingarhluta.


Og athuga þarf að meindýr komist ekki bak við klæðninguna. Loftunarleið er sýnd með bláum örnum á sneiðmyndum

Rakastig klæðningar við uppsetningu


Þegar klætt er með viðarklæðningum bendum við á að huga að rakastigi klæðningarinnar og gera ráð fyrir rakapenslu hennar, þ.e.a.s leggja borðin ekki þéttar saman en svo að pláss sé fyrir lengdaraukningu (þenslu) á samskeytum borðanna. Canexel er ekki dauft efni og getur þenist eftir raka og hitastigi. Við uppsetningu skal mæla lengd klæðningarinnar og ef borð mælist meira en 3660 mm skal draga þá tölu frá þenslubiliinu milli borða, EF klætt er með heilli lengd. En ef heilt borð mælist 3670 mm er óhætt að blindfella þau við hvert annað, þar sem borðið á ekki eftir að þenjast meira eftir að það er sett upp sé loftun í lagi. En minnka má þenslubilið, í hlutfalli við þá lengd sem um notuð er hverju sinni. Einnig er hentugt að nota samsetningarlista úr áli í sama lit og klæðningin til lokunar á láréttum endasamskeytum.




Sneiðing undirglugga



Sneiðing við þak



Sneiðing við sökku



Sneiðing yfir glugga